

VILJAYFIRLÝSING

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, kt. 571189-1519, Borgartúni 26, 105 Reykjavík („ráðuneytið“);

Landsnet hf., kt. 580804-2410, Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík („Landsnet“);

Vestmannaeyjabær, kt. 690269-0159, Kirkjuvegi 50, 900 Vestmannaeyjar („Vestmannaeyjabær“);

HS Veitur hf., kt. 431208-0590, kt. Brekkustíg 36, 260 Reykjanesbæ („HS Veitur“);

Ísfélag hf., kt. 660169-1219, Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjar („Ísfélag“);

Langa ehf., kt. 640306-0330, Eiðisvegi 5-9, 900 Vestmannaeyjar („Langa“);

Laxey ehf., kt. 660521-1270, Strandvegi 63, 900 Vestmannaeyjar („Laxey“);

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf., kt.420718-1280, Básaskersbryggja 10, 900 Vestmannaeyjar („Herjólfur“); og

Vinnslustöðin hf., kt. 700269-3299, Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar („Vinnslustöðin“);

Framangreindir, hér eftir sameiginlega nefndir „aðilar“ eða „hagaðilar“ að Landsneti undanskildu, gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu:

Inngangur

Í ljósi fyrirsjáanlegrar verulega aukinnar eftirspurnar raforku í Vestmannaeyjum á næstu 10-20 árum þar sem áform eru um allt að 70% vöxt til ársins 2030, og vilja og áhuga iðnaðar, annarra raforkunotenda og Vestmannaeyjabæjar að fylgja stefnu stjórnvalda um orkuskipti og rafvæða Vestmannaeyjar að fullu, hafa valkostir um uppbyggingu flutningskerfis raforku verið skoðaðir til að mæta þeirri þörf til framtíðar. Fýsilegt er að leggja tvo strengi samtímis og hefur umrædd framkvæmd verið sett í kerfisáætlun 2023 - 2032. Til samræmis við áætlun um framkvæmdaverk 2024-2026 er stefnt að spennusetningu strengja árið 2025, kerfisáætlun bíður samþykktar Orkustofnunar;

Í [skýrslu starfshóps](#) á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um eflingu samfélagsins í Vestmanneyjum frá september 2023 er að finna tillögur sem snúa m.a. að bættu orkuöryggi svæðisins. Samkvæmt tillögu 1 í skýrslu er það talið forgangsmál að nú þegar verði hafinn undirbúningur að lagningu tveggja nýrra rafstrengja til Vestmanneyja, samhliða. Kemur fram að það sé bæði til að tryggja öryggi raforkuflutnings og hringtengingu, sem og að ná 100% orkuskiptum í Vestmanneyjum líkt og áætlanir stjórnvalda gera ráð fyrir. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að ef fylgja skal stefnu ríkisstjórnarinnar um orkuskipti og til að tryggja orkuöryggi Eyjamanna er mikilvægt að rafstrengirnir verði lagðir í síðasta lagi sumarið 2025;

Hagaðilar lýsa þannig yfir vilja sínum að auka notkun á raforku í þeim tilgangi að stefna að orkuskiptum í Vestmanneyjum í takt við markmið stjórnvalda. Af þeim sökum eru hagaðilar, sem eru orkunotendur í Vestmannaeyjum, sammála um að kanna möguleika á raforkukaupum með það að markmiði að tryggja sér raforku til kaups;

Til að markmiðið, um að leggja nýju rafstrengina tvo VM4 og VM5, náist til samræmis við framkvæmdáætlun, telur Landsnet nauðsynlegt að hefja undirbúning hið allra fyrsta;

Hafa aðilar þessarar viljayfirlýsingar komist að samkomulagi um efni hennar í þeim tilgangi að treysta frekar raforkuflutning til Vestmanneyja og nýta raforku í stað annarra óumhverfisvænna orkugjafa í Vestmanneyjum.

Eru aðilar sammála um eftirfarandi:

1. grein

Landsnet mun hefja undirbúning fyrir lagningu tveggja nýrra rafstrengja VM4 og VM5 til flutnings raforku til Vestmanneyja í samræmi við framkvæmdaáætlun Landsnets þar sem áætlað er að raforkuflutningur um nýja rafstrengi geti hafist seinni hluta árs 2025, með fyrirvara um að spennusetning strengjanna frestist ekki vegna atvika sem eru Landsneti óviðkomandi.

2. grein

Með viljayfirlýsingu þessari lýsir ráðuneytið yfir vilja til að vinna að eflingu samfélags og árangri í loftslagsmálum í Vestmannaeyjum, ásamt öðrum aðilum sem málið varðar, með því að styðja við framþróun orkuskipta og hagkvæma nýtingu og uppbyggingu fjárfestinga og innviða.

Að sama skapi lýsir Vestmannaeyjabær yfir vilja til að vinna sameiginlega að eflingu samfélags og árangri í loftslagsmálum í Vestmannaeyjum með því að leita allra leiða til að fylgja stefnu stjórnvalda um orkuskipti.

Enn fremur lýsa HS Veitur yfir vilja til að vinna sameiginlega að árangri í loftslagsmálum í Vestmannaeyjum með fjárfestingu í raforkuinnviðum þannig að hægt verði að tengja nýju rafstrengina VM4 og VM5 við dreifikerfi HS Veitna þannig að þeir nýtist heimilum og fyrirtækjum í Vestmannaeyjum við orkuskipti og vöxt atvinnulífs.

3. grein

Með viljayfirlýsingu þessari lýsa undirritaðir hagaðilar, sem eru m.a. orkunotendur í Vestmannaeyjum, yfir vilja sínum til að leita allra leiða til að kaupa raforku fyrir viðeigandi starfsemi í Vestmannaeyjum í staðinn fyrir að nýta aðra óumhverfisvæna orkugjafa.

4. grein

Viljayfirlýsingin öðlast gildi við undirritun aðila og gildir til september 2030.

Að gildistíma loknum eru undirritaðir aðilar sammála um að meta þurfi stöðuna á ný út frá aðstæðum öllum og í framhaldi af því gera nýja viljayfirlýsingu í þeim tilgangi að ná framangreindum markmiðum.

5. grein

Til staðfestu á framangreindu undirrita fulltrúar allra aðila.

Yfirlýsing er gerð í níu jafngildum eintökum.

Vestmannaeyjar, 20. febrúar 2024.

f.h. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis

f.h. Landsnets hf.

f.h. Vestmannaeyjabæjar

f.h. HS Veitna hf.

f.h. Ísfélags hf.

f.h. Löngu ehf.

f.h. Laxey ehf.

f.h. Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfis ohf.

f.h. Vinnslustöðvarinnar hf.